

Páskabingó 2012

Nefndin hittist og skipti með sér verkum: útbúa auglýsingu, athuga með bingóvél og spjöld, kaupa páskaegg, útvega sal og hitta húsvörðinn og skoða salinn. Athuga með kaffisölu. Eftir bingó hjálpuðust allir við frágang, bingónefnd og foreldrar 10. bekkja.

Bingóið var auglýst á heimasíðu og auglýsing send á alla foreldra.

Páskabingóið var haldið laugardaginn 24. mars, kl. 12-14 í sal skólans Digranes-megin.

Páskabingónefndin mætti um kl. 11 til að raða upp stólum og borðum í salnum.

Seld voru um 220 spjöld, 1 stk á 400 kr og 3 stk á 1000 kr eftir hlé var spjaldið á 200 kr.

Skólinn á bingóvél og 300-400 spjöld.

Spilaðar voru ca 10 umferðir og 2 umferðir þar sem allir stóðu og settust niður ef þau fengu tölu þangað til að eftir voru 2-3 sem unnu. Allir sem unnu fengu egg af sömu stærð .

Keypt voru bónusegg nr 4. 25 stk og nr 5. 10 stk . Nefndin lagði út fyrir kostnaði og tók nótu. Síðan fengið greitt hjá gjaldkera foreldrafélagsins.

10. bekkir og foreldrar voru með kaffisölu í hléinu sem var ca 15 mínútur. Seldu skúffukökur, svala og kaffi, gekk mjög vel

Innkoma var 70,800 kr. Kostnaður 30,500 kr og hagnaður 40,300 kr.

Best er að bóka salinn fyrir næsta ár strax eftir bingóið svo við lendum ekki í því að búið sé að lána salinn í Hjalla eins og við lentum í þetta ár. Annars gekk bara allt vel.

Kveðja bingónefndin.

Ólafía Marí Gunnarsdóttir 7. BH.

Sigurlína Gunnarsdóttir 2.GT.

Hrönn Hreiðarsdóttir 2. IJ.